

## Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjendur, Lyder Höydal og Jens L. Ouse greiði stefnda Gunnari Egilson 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi áður liðnar séu 8 vikur frá löglegru birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 3. júlí 1916.

Nr. 17/1916.

Guðmundur Kristjánsson  
 gegn  
 G. Gíslason & Hay Ltd.

## Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, firmað G. Gíslason & Hay Ltd., fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Guðmundi Kristjánssyni skipstjóra til greiðslu á 1319 kr. 27 aur. Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu hinn 23. desbr. f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda hina umstefndu upphæð 1319 kr. 27 aur. með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1911 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. marz þ. á. og krafðist þess aðallega, að málinu verði vísað frá undirréttinum, en til vara að verða algerlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda og að hann verði, hvornig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi krefst þess hins vegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Frávísunarkrafa áfrýjanda byggist á því, að þá er sáttakæran í málinu var birt, var áfrýjandi, sem er skipstjóri á gufuskipi í förum erlendis, fjarverandi ásamt konu sinni í útlöndum og kom ekki hingað til lands frá því í september árið áður og þar til eftir hinn ákveðna fyrirtektardag sáttarkærunnar. Heldur áfrýjandi því fram, að hann hafi ekki getað vitað svo snemma um sáttakæruna að hann hafi haft ráðrúm til að láta mæta á sáttarfundi; hafi því engin lögleg sáttatilraun getað farið fram í málinu.

Í birtingarvottorði stefnuvottanna er þess getið, að sáttakæran hafi verið birt »í forstofugangi stefnda, Guðmundar Kristjánssonar skipstjóra, í húsinu nr. 22 við Vesturgötu, að honum og öðrum þar á heimilinu, sem alt var lokað og læst, fjarverandi (í útlandinu) fyrir Þorgrimi Guðmundssyni kennara, sem býr þar í húsinu«. Birtingarvottorð hefir samkv. þessu farið fram á heimili áfrýjanda þ. e. í forstofunni við herbergisdýr hans, og verið birt fyrir manni, sem býr í sama húsi. Með því krafa sú, sem N. L. 1—4—4 gerir til stefnubirtingar, þegar svo stendur á sem hér, verður að teljast uppfyllt með því að birta kæruna manni, sem býr í húsinu, verður frávísunarkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina.

Kemur þá aðalefni málsins til álitu.

Stefndi skýrir svo frá, að verzlunin »Framtíðin« á Dýrafirði og Flatey hafi haft mikil viðskifti við

sig, en eigendur téðrar verzlunar hafi verið Guðni Guðmundsson kaupmaður í Flatey, og áfrýjandi. Hafi þeir hvor um sig borið fulla ábyrgð á skuldum verzlunarinnar, og hafi hvor um sig getað skuldbundið firmað með undirskrift sinni. Um áramótin 1909 og 1910 hafi skuld verzlunarinnar við stefnda verið orðin kr. 1346.83, en þá hafi Guðni heitinn, þegar hann var staddur hér í bænum, undirritað skuldabréf fyrir þessari upphæð. Á þessu skuldabréfi eða yfirlýsingu, sem er útgefin í Reykjavík 15. ágúst 1910, í sambandi við firmatilkynningu frá nefndri verzlun, byggir stefndi rétt sinn í þessu máli. Í yfirlýsingu þessari segir svo: »Hér með lýsi eg því yfir að verzlunin Framtíðin á Dýrafirði og Flatey, sem er eign mín og herra Guðmundar Kristjánssonar í Haukadall (þ. e. áfrýjanda) skuldaði G. Gíslason & Hay í Leith, við síðastliðin áramót, kr. 1346,83 — þrettán hundruð fjörutíu og sex krónur áttatíu og þrjá aura, — sem eg skuldbind okkur til að borga jafnskjótt og okkur er mögulegt, ásamt 6% ársvöxtum«. Í firmatilkynningu frá skrifstofu Ísafjarðarsýslu, dags. 28. maí 1908 er það auglýst, að nefndur Guðni Guðmundsson og áfrýjandi »reka verzlun í fimm verzlunarstöðum með firmanafninu: Verzlunin Framtíðin. Hafa þeir báðir fulla ábyrgð og rita hvor um sig firmað«. Stefndi heldur því fram, að með skjali þessu í sambandi við firmatilkynninguna hafi Guðni skuldbundið áfrýjanda sem meðeiganda firmans »Framtíðin« á Dýrafirði og í Flatey.

Áfrýjandi heldur því hinsvegar fram, að skjal þetta geti ekki haft þessa þýðingu, með því Guðni

Hafi ekki undirritað skuldbindingu þessa í nafni firmans, heldur í eigin nafni. Skjalið sé því eigi bindandi fyrir firmað »Framtíðin« sem skuldabréf, en að svo miklu leyti sem þetta skjal eigi að skoðast sem vottorð Guðna um það, að skuldin lægi á firmaninu, þá geti það ekki haft aðra þýðingu en óstaðfest utanréttarvottorð, sem missi gildi sitt við mótmæli, en en fyrir undirrétti hafi því verið mótmælt sem röngu, með því firmað »Framtíðin« eða áfrýjandi hafi ekki átt nokkurn þátt í stofnun umræddrar skuldar, og auk þess hafi firmað aldrei rekið neina verzlun í Flatey. Þessu til sönnunar hefir áfrýjandi lagt fram hér fyrir réttinum vottorð frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu, um, að engin verzlun hafi verið rekin í Flatey undir firmanafninu »Framtíðin«, og að Guðni Guðmundsson hafi rekið þar verzlun í eigin nafni þau ár, er hann dvaldi í Flatey. Hann bendir og á það, að það sé óvæfengt í málinu, að bú Guðna og verzlun sú, er hann rak í Flatey, hafi verið tekin til skifta og skift sem eign hans, enda hafi stefndi lýst skuldinni í bú hans. Telur áfrýjandi þetta næga sönnun þess, að Guðni heitinn hafi verið einn eigandi verzlunarinnar í Flatey, og áfrýjandi hafi eigi verið meðeigandi í henni, eða á neinn hátt verið við hana riðinn.

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að það geti enga þýðingu haft, þótt Guðni ritaði eigi undir skuldarviðurkenninguna »pr. firmað Framtíðin«, með því að innihald skjalsins sýni það ótvírætt, að hann hafi gert það í nafni »Framtíðarinnar«. — Um vottorð sýslumannsins í Barðastrandarsýslu tekur hann fram,

að það sýni það eitt, að firmað »Framtíðin« hafi eigi verið tilkynt í Barðastrandasýslu, og sérstaklega tekur hann fram, að í skuldbindingarskjali Guðna sé talað um verzlunina »Framtíðin« á Dýrafirði, og því hafi áfrýjandi eigi reynt að hnekkja að þeir Guðni og áfrýjandi hafi rekið þar verzlun með nafninu »Framtíðin«.

Það verður nú að fallast á þá skoðun stefnda, að umgetið vottorð sýslumannsins í Barðastrandarsýslu sanni það eitt, að firmað »Framtíðin« hafi eigi verið tikynnt til verzlunarskrár í Barðastrandarsýslu, og að Guðni hafi ekki rekið þar verzlun undir því nafni. Hitt sannar það engan veginn að Guðni heitinn hafi verið einn eigandi verzlunar þeirrar, er hann rak þar. Í annan stað er það eigi sagt í yfirlýsingu Guðna, að skuldin til stefnda sé stofnuð í Flatey eða stafi frá viðskiftum milli stefnda og þeirrar verzlunar, er hann rak þar. Yfirlýsingin segir ekki annað en það, að verzlunin »Framtíðin« á Dýrafirði og í Flatey, sem sé eign Guðna og áfrýjanda, skuldi stefnda hina umstefndu upphæð, en því hefir eigi verið mótmælt að þeir Guðni og áfrýjandi hafi rekið verzlun á Dýrafirði undir nafninu »Framtíðin«.

Það er að visu svo, að í firmatilkynningunni er eigi sagt, að firmað reki verzlun á Dýrafirði og í Flatey, en viðurkenning Guðna í hinni umgetnu yfirlýsingu hans í sambandi við firmatilkynninguna verður að nægja stefnda í þessu efni, og það því fremur sem áfrýjandi hefir eigi orðið við áskorun stefnda um að tilgreina þá fimm staði, er firmað hafi rekið verzlun á.

Pótt Guðni hafi eigi ritað undir oftnefnda yfirlýsingu »pr. firmað Framtíðin«, verður þetta, eins og hérstóð á, ekki talið nauðsynlegt til þess að skuldbinda firmað, með því sjálfst innihald skjalsins sýnir það ótvírætt, að það er útgefið í nafni firmans og til þess að skuldbinda það. Þar sem Guðni, samkvæmt firmaauglýsingunni, sem áfrýjandi að sjálfsögðu ber fulla ábyrgð á, hafði rétt til að skuldbinda firmað, verður að álita að Guðni hafi með oftnefndu skjali skuldbundið firmað, og þar með áfrýjanda, til að svara til hinnar umstefndu skuldar.

Hin almennu mótmæli áfrýjanda gegn því, að firmað hafi stofnað umstefnda skuld, verða eigi tekin til greina, og þetta getur eigi talist viðurkent af stefnda, þótt hann á sínum tíma hafi gert kröfu um borgun á henni í dánarbú Guðna Guðmundssonar, með því hvor sameigandi átti að hafa fulla ábyrgð á skuldum firmans, og var stefnda því heimilt að velja um, hvort hann gekk að firmainu í heild eða hvorum aðila fyrst.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans. — Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Guðmundur Kristjánsson, greiði stefnda, firmainu

G. Gíslason & Hay Ltd., 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. júlí 1916.

Nr. 41/1915.

Magnús Vigfússon  
gegn  
Sturlu Jónssyni.

D ó m u r :

Sturla kaupmaður Jónsson, sem stefndur er í máli þessu, byggði eignarjörð sína, Þingeyrar í Húnavatnssýslu, með bréfi dags. 23. febr. 1911, áfrýjanda Magnúsi Vigfússyni, þá vinnumanni á Vatnsdalshólum. Var Magnúsi samkv. 6. gr. byggingarbréfsins heimiluð ábúð á jörðinni í 5 ár, frá fardögum 1911, en flytja skyldi hann þegar af henni, ef jarðeigandi seldi hana á þessu 5 ára tímabili, þó skyldi þetta ákvæði um skyldu hans til að sleppa ábúðinni því að eins gilda, að jarðeigandi gæti ekki selt jörðina, nema með því skilyrði, að hann láti kaupanda í té ábúðarréttinn«. Í fardögum 1911 flutti áfrýjandi að Þingeyrum og bjó þar til fardaga 1915. En vorið 1914 seldi stefndi jörðina Jóni S. Pálmasyni fyrirverandi verzlunarstjóra, og var svo tilskilið í afsalsbréfinu,